

Föstudaginn 16. nóvember 1973.

Nr. 35/1972: **Sverrir Hermannsson**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

**Karl Jónsson**

**Auðunn Hinriksson**

**Valur Júlíusson**

**Þorvaldur Jóhannsson og**

**Jón Gunnþórsson**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

**Steinavör h/f**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

og

**Steinavör h/f**

gegn

**Sverri Hermannssyni.**

**Dómenður:**

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.

Ómerking. Frávísun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi Sverrir Hermannsson hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1972. Krefst hann aðallega ómerkingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, en til vara sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur Karl Jónsson, Auðunn Hinriksson, Valur Júlíusson, Þorvaldur Jóhannsson og Jón Gunnþórsson, sem hafa áfrýjað málinu með stefnu 5. maí 1972, krefjast aðallega ómerkingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 25. júlí 1972 á hendur aðaláfrýjanda Sverri Hermannssyni, að fengnu

áfrýjunrleyfi 6. s. m. Dómkröfur hans eru, að aðaláfrýjendur greiði óskipt kr. 159.845.00 með 8% ársvöxtum frá 27. janúar 1969 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi staðfestingar ákvæða héraðsdóms um málskostnað og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi aðaláfrýjenda.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Í máli þessu sækir gagnáfrýjandi aðaláfrýjendur um greiðslu á fé vegna kaupsamnings frá 7. nóvember 1968, en samkvæmt texta hans seldi Þröstur h/f Ásgeiri h/f vélbátinn Bjarna Jóhannesson, svo sem greinir í héraðsdómi. Virðist málátílbúnaður gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda Sverri Hermannssyni á því reistur, að hann hafi eigi gert gagnáfrýjanda réttilega skil á söluandvirði, sem hann veitti viðtöku úr hendi Ásgeirs h/f. Kröfur gagnáfrýjanda gegn öðrum aðaláfrýjendum en Sverri Hermannssyni eru á því reistar, að þeim hafi eigi borið neinn réttur til söluandvirðis samkvæmt kaupsamningi þessum. Telur gagnáfrýjandi, að hann „hafi orðið eigandi þeirrar fjárhæðar, kr. 6.000.000, sem var andvirði m/b Bjarna Jóhannessonar . . .“ samkvæmt kaupsamningi 7. nóvember 1968. Grundvöllur þessarar kröfugerðar er mjög óljós, og meðal annars er afstaða gagnáfrýjanda hvarflandi til gildis kaupsamningsins frá 16. apríl 1968. Skýrslur um það, hvert sá hluti söluandvirðis rann, sem aðaláfrýjandi Sverrir Hermannsson veitti viðtöku samkvæmt kaupsamningi 7. nóvember 1968, eru óglöggar og þar á meðal, hvort eða að hverju marki aðaláfrýjendur aðrir en Sverrir Hermannsson hafi hlotið fé það, er málssóknin horfir að.

Málátílbúnaður gagnáfrýjanda þykir samkvæmt þessu miklum annmörkum háður og málið í heild vanreifað. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er máli þessu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu****7. febrúar 1972.**

Mál þetta, sem dómtekið var 18. janúar 1972, hefur Steinavör h/f, Reykjavík, höfðað. Var málið þingfest 31. marz 1970, eftir að aðiljar höfðu komið sér saman um, að stefndu kæmu óstefndir fyrir dóminn.

Varnaraðiljar eru Karl Jónsson, Hvassaleiti 10, Reykjavík, Auðunn Hinriksson, Jörvabakka 14, Reykjavík, Valur Júlíusson, Hraunbæ 168, Reykjavík, Þorvaldur Jóhannsson, Múlavegi 17, Seyðisfirði, Jón Gunnþórsson, Firði 6, Seyðisfirði, og Sverrir Hermannsson viðskiptafræðingur, Granaskjóli 26, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru endanlega þær, aðallega, að stefndu verði gert að greiða að óskiptu kr. 159.845.00 auk 1% vaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 30. desember 1968 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Til vara krefst stefnandi þess, að stefndu Karl og Sverrir verði dæmdir til að greiða þessar fjárhæðir að óskiptu.

Til þrautavara krefst stefnandi þess, að Karl verði einn dæmdur til greiðslu þessara fjárhæða.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Til vara krefjast stefndu þess, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða kr. 147.845.00.

Málavextir.

Þann 16. apríl 1968 var undirritaður kaupsamningur milli Steinavara h/f og Marar h/f í Hafnarfirði sem seljanda og félags á Seyðisfirði, sem nefndi sig „Þröst h/f“, sem kaupanda. Hið selda var vélbáturinn Bjarni Jóhannesson, AK 130. Kaupverð var kr. 5.500.000.00.

Á því er byggt í málinu og óumþrætt, að Steinavör h/f hafi þá verið raunverulegur eigandi bátsins.

Þann 21. júní 1968 var gefið út afsal fyrir bátnum fyrir hönd Markúsar Þórðarsonar, Reynimel 23, Reykjavík, sem þá var þinglesinn eigandi bátsins, til Steinavara h/f.

Þann 7. nóvember 1968 var undirritaður kaupsamningur milli „Þrastar h/f“ sem seljanda og Ásgeirs h/f, Garði, Gerðahreppi, sem kaupanda um bátinn. Kaupverðið var ákveðið kr. 6.000.000.00.

Þann 22. nóvember 1968 gaf Steinavör h/f út afsal fyrir bátnum til Ásgeirs h/f.

Steinavör h/f leiðir rétt sinn yfir bátnum frá Mar h/f, sem

virðist hafa haft eignarhald á bátnum, þótt ekki hafi verið gefið út afsal til þess félags. Steinavör h/f hafði selt Mar h/f vél í bátinn. Í því sambandi varð Mar h/f stórskuldugt við Steinavör h/f og mun Steinavör h/f hafa fengið rétt Marar h/f framseldan og tekið að sér að greiða áhvílandi veðskuldir og skuldir vegna viðgerða á bátnum og geymslu.

Steinavör h/f lét hefja viðgerð á bátnum í skipasmiðastöð Bátalóns h/f. Fól félagið síðan Sverri Hermannssyni að finna kaupanda að bátnum.

Stefndi Karl Jónsson hefur skýrt svo frá, að bæjarstjórinn á Seyðisfirði, Hrólfur Ingólfsson, hafi lýst því yfir á borgarafundi á Seyðisfirði í ársbyrjun 1968, að bæjaryfirvöld væru reiðubúin til að aðstoða hvern þann, sem vildi auka atvinnu í bænum, svo sem með því að kaupa fiskibát til bæjarins. Hann kveðst hafa rætt við bæjarstjórnann eftir fundinn og skýrt honum frá, að hann (Karl) hefði hug á að kaupa bát, enda fengi hann til þess bæjarábyrgð.

Síðan kveðst hann hafa haft samband við Sverri Hermannsson og ákveðið eftir það samtal að kaupa v/b Bjarna Jóhannesson á kr. 5.500.000.00.

Hann kveðst hafa talið rétt að stofna hlutafélag um útgerð bátsins. Fékk hann til fjóra kunningja sína, þá Þorvald Jóhannsson, Múlavegi 17, Seyðisfirði, Jón Gunnþórsson, Firði 4, Seyðisfirði, Val Júlíusson, Hraunbæ 168, Reykjavík, og Auðun Hinriksson, Jörvabakka 14, Reykjavík, að stofna með sér félagið. Komu þeir saman á stofnfund 7. apríl 1968 og samþykktu að stofna félagið. Félagið var aldrei skrásett.

Kaupsamningurinn milli Steinavarar h/f og Marar h/f annars vegar og „Þrastar h/f“ hins vegar er svohljóðandi:

#### „KAUPSAMNINGUR

með staðfestu tilboði kaupanda og samþykki seljanda.

##### A. Tilboð kaupanda:

Við undirritaðir fyrir hönd hlutafélagsins Þrastar h.f., Seyðisfirði lofum hér með og skuldbindum okkur til að kaupa vélskipið Bjarna Jóhannesson, AK-130, ásamt öllu, sem skipinu fylgir og fylgja ber og lýst er nánar: Vélskipið Bjarni Jóhannesson, AK-130, sem er 65 brl. vélskip, smíðað í Eshjerg 1947, í eftirfarandi ástandi: Í haffæru standi, eftir úrskurði Skipaskoðunar ríkisins, sem tekur skipið út að lokinni viðgerð, en sú viðgerð skal grundvallast á skoðun Skipaskoðunar og því tilboði, sem gert hefir ver-

ið um viðgerð skipsins í framhaldi af því. Sú viðgerð og endurbætur skulu aðallega vera fólgnar í eftirfarandi: Farið hafi fram umbygging á bol, skipt um ellefu planka og kjöl, skipt um stýris-hús, lagfært stefni, auk annarra atriða samkvæmt kröfu Skipaskoðunar ríkisins og fram kemur í fylgiskjali nr. 1 með samningi, dags. 1. febrúar 1968. Báturinn ísleginn og málaður allur. Í bátinn verði látn ný Rolls Royce aðalvél, 400 hestafla, sem er til staðar hjá Steinavör h/f. Rafkerfi verði allt endurnýjað. Ljósavél umbyggð. Decca radar 404 er þegar yfirfarinn á verkstæði og einnig dýptarmælirinn af gerð Simrad með hvíttri botnlínu. Ljósastari er nýr. Dekk-spil 4 tonna og netaspil yfirfarið og prófað. Ennfremur eldavél í lúkar. Allur búnaður, svo sem öryggistæki og gúmmibátur, fulnægi kröfum Skipaskoðunar, og sama gildir um matar- og eldunaráhöld.

Tilboðsmóttakendur og seljendur skipsins, ef þeir samþykkja þetta tilboð okkar, er Mar h/f, Hafnarfirði, og Steinavör h/f, Reykjavík.

Fyrir skipið og búnað þess lofum við og skuldbindum okkur til að greiða samtals kr. 5.500.000.00 — fimm milljónir og fimm hundruð þúsund krónur 00/100 — og greiðum við kaupverðið á eftirfarandi hátt:

1. Í peningum greiðum við:
 

|                                        |                |
|----------------------------------------|----------------|
| Við undirskrift samnings þessa         | kr. 100.000.00 |
| Fyrir 1. maí n. k.                     | — 100.000.00   |
| Að fengnu láni úr Atvinnujöfnunarsjóði | — 150.000.00   |
| Að fengnu lánsloforði Iðnlánasjóðs     | — 150.000.00   |
2. Við tökum að okkur áhvílandi skuldir:
 

|                 |                |
|-----------------|----------------|
| Fiskveiðasjóður | kr. 453.000.00 |
| Stofnlánadeild  | — 64.100.00    |
| Þurrafúasjóður  | — 96.000.00    |
3. Með væntanlegu láni úr Fiskveiðasjóði — 1.890.000.00
4. Eftirstöðvar kaupverðsins kr. 2.496.900.- greiðum við með jöfnum afborgunum á sjö næstu árum í gjalddögum 15. maí og 15. nóv. ár hvert, í fyrsta sinni 15. ágúst 1969.

Til tryggingar skilvísri greiðslu höfuðstóls og vaxta svo og öllum þeim kostnaði, sem leiða kann af vanskilum okkar og okkur ber

að greiða að skaðlausu, lofum við að gefa út skuldabréf fyrir fjárhæðinni, sem tryggð verði með veðrétti næst á eftir Fiskveiðasjóði Íslands í skipinu Bjarna Jóhannessyni, AK-130. Greiðslu á kr. 1.500.000.00 af þessari fjárhæð ábyrgist Seyðisfjarðarkaupstaður.

Af skuld þessari lofum við að greiða 7% — sjö af hundraði — í ársvexti frá og með 1. ágúst 1968, og greiðast þeir eftir á í sömu gjalddögum og afborganirnar

kr. 2.496.000.00

---

Samtals kr. 5.500.000.00

Fáiðst herra lán úr Fiskveiðasjóði en hér er ráð fyrir gert, lækka eftirstöðvar kaupverðsins sem því nemur.

Skipið skal vera laust til fullra afnota fyrir okkur í síðasta lagi hinn 1. ágúst 1968. Aðilar leggi sig fram um, að verkinu verði flýtt sem verða má.

Við greiðum skatta og skyldur af skipinu frá og með 1. ágúst 1968, en seljendur til sama tíma, svo og hirða seljendur arð til sama tíma, en við frá sama tíma. Skal miða uppgjör skatta, skyldna, áfallinna vaxta og annarra gjalda af skipinu við 1. ágúst 1968.

Við skuldbindum okkur til að greiða þann kostnað, sem leiðir af stimulun og þinglestri skjala vegna eignaskiptanna (afsal, skuldabréf) en sölulaun greiði seljendur.

Við áskiljum okkur til að hafa mann fyrir okkar hönd, sem fylgist með framkvæmd endurbyggingar, og hefir hann rétt til að koma með athugasemdir innan þess ramma, sem samningur þessi kveður á um.

Ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar gildir, þar til eftirstöðvar kaupverðsins eru að fullu greiddar.

Verði þetta tilboð okkar samþykkt óbreytt af tilboðsmóttakendum, lýsum við því jafnframt yfir, að við undirskrift þeirra undir eftirfarandi samþykki í B-lið samnings þessa erum við skuldbundnir sem kaupendur skipsins á framangreindum grundvelli, og er þar með gjörður bindandi kaupsamningur milli okkar sem kaupenda og tilboðsmóttakenda sem seljanda.

Mál, sem rísa kunna út af tilboði þessu (A-lið), samþykki (B-lið) eða kaupsamningi í heild (A og B-lið) má reka fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu í Hafnarfirði án undangenginnar sáttatilraunar fyrir sáttamönnum. Afsal skal gefið hinn 1. ágúst

n. k. Til staðfestu öllu framanskráðu undirritum við í votta viðurvist.

Reykjavík, 16. apríl 1968.

F. h. Þrastar h/f, Seyðisfirði.

Karl Jónsson                      Auðunn Hinriksson  
tilboðsgjafi                      (kaupendur)

Vitundarvottar:

Sverrir Hermannsson

Guðm. Hjartars.

*B. Samþykki seljenda:*

Við undirritaðir fyrir hönd Mar h/f, Hafnarfirði, og Steinavarar h/f, Reykjavík, höfum kynnt okkur rækilega framangreint kauptilboð Þrastar h/f, Seyðisfirði, á vélskipinu Bjarna Jóhannessyni, AK-130, lýsum því hér með yfir, að við erum tilboðinu samþykkir í öllum greinum þess, bæði að því er varðar lýsingu á skipinu og búnaði þess, greiðslufyrirkomulagi og öðru því, er máli skiptir um eignasöluna, og undirritum við samþykki okkar fyrir hönd Mar h/f og Steinavarar h/f til staðfestu öllu framangreindu í viðurvist votta og ítrekum það, sem segir í A-lið hér að framan, að með þessari undirskrift okkar sé gjörður bindandi kaupsamningur millum okkar sem seljanda og tilboðsgjafa sem kaupenda áðurgreinds skips.

Veðbókarvottorð liggur frammi við undirritunina, og svörum við til vanheimildar, enda selst skipið veðbanda- og kvaðalaust, þegar undan er skilið það, sem í tilboðinu í A-lið greinir. Lýsum við yfir því, að þegar kaupendur hafa fullnægt ákvæðum tilboðsins í A-lið samningsins, þá eiga þeir rétt á að fá til sín afsal fyrir skipinu. Samþykki okkar er háð því, að við tilboð Bátalóns verði staðið, dags. 7. marz s.l. Fylgiskjal merkt nr. 2.

Til staðfestu öllu framanskráðu undirritum við í votta viðurvist.

Reykjavík, 16. apríl 1968.

F. h. Mar h/f, Hafnarfirði.

Kristens Sigurðsson

Kristján Fr. Guðmundsson

F. h. Steinavarar h/f, Reykjavík,

M. Sigurjónsson

J. Guðbjartsson

tilboðsmóttakendur (seljendur)

## Vitundarvottar:

Fríða Júlíusdóttir

Sverrir Hermannsson“

Greiðslur samkvæmt samningi þessum fóru þannig fram:

|                                                                                                                                                                                                                                                                     |                |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------|
| Þann 19. apríl 1968 voru greiddar                                                                                                                                                                                                                                   | kr. 100.000.00 |
| Þann 3. maí 1968 voru greiddar                                                                                                                                                                                                                                      | — 100.000.00   |
| Þann 3. ágúst 1968 voru greiddar                                                                                                                                                                                                                                    | — 59.656.00    |
| Þann 1. nóvember 1968 gaf Sverrir Hermannsson f. h. „Þrastar h/f“ út skulda-<br>bréf með veði í skipinu að fjárhæð kr.<br>150.000.00 til Atvinnuþjófnumunarsjóðs.<br>Greiddi Sverrir stefnanda það, sem kom<br>til útborgunar af láninu þann 2. nóvem-<br>ber 1968. | — 147.845.00   |
| Þann 8. nóvember 1968 greiddi Sverrir<br>stefnanda                                                                                                                                                                                                                  | — 92.499.00    |
| Samtals nema þessar fjárhæðir                                                                                                                                                                                                                                       | kr. 500.000.00 |

Þann 20. maí 1968 samþykkti bæjarráð Seyðisfjarðar að leggja til við bæjarstjórn að synja um bæjarábyrgð. Var tillaga þessi samþykkt einróma á fundi bæjarstjórnar 10. júní 1968.

Af hálfu Steinavavarar h/f er því haldið fram, að fyrirsvarsmenn félagsins hafi „fengið pata af“ því, að bæjarábyrgðin fengist ekki. Rituðu þeir „Þresti h/f“ ábyrgðarbréf 30. júlí 1968 og ítrekuðu beiðni sína um, að staðfest yrði fljótlega í símskeyti, að bæjar-sjóður Seyðisfjarðar tæki ábyrgð á greiðslu kaupverðs.

Af hálfu „Þrastar h/f“ var bréfinu svarað 6. september 1968 og frá því skýrt, að líkur væru á, að forráðamenn Seyðisfjarðar-kaupstaðar mundu ekki standa við gefnar yfirlýsingar um ábyrgð. Síðan segir í bréfinu: „Mun því Þröstur h/f kappkosta, að önnur ábyrgð komi til, sem þér metið gilda.“

Karl Jónsson kveðst hafa falið Sverri Hermannssyni að reyna að finna kaupanda að bátnum, eftir að bæjarstjórn hafði endan-lega neitað að veita ábyrgð bæjarsjóðs.

Var Sverri Hermannssyni veitt svohljóðandi umboð:

„Hér með gefum við undirritaðir stjórnarmeðlimir Þrastar h/f, Seyðisfirði, Sverri Hermannssyni, Granaskjóli 26, Reykjavík, fullt og ótakmarkað umboð fyrir hönd Þrastar h/f til að sjá um allt



það, sem lýtur að kaupum félagsins á m/b Bjarna Jóhannessyni, AK-130. Nær umboð þetta til lántöku vegna kaupanna og veðsetningar á skipinu til tryggingar lánum. Einnig nær umboð hans til að annast sölu á skipinu, þegar umbyggingu þess er lokið.

Skal allt það, sem nefndur Sverrir gerir í þessu sambandi, vera sem við hefðum það sjálfir gert.

Reykjavík, 19. júní 1968.

F. h. Þrastar h/f

Karl Jónsson

Auðunn Hinriksson“

Í lok októbermánaðar 1968 hafði Margeir Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Steinavara h/f, símasamband við Ólaf Ágústsson, framkvæmdastjóra Ásgeirs h/f, og bauð bátinn til sölu. Stjórnarmenn Ásgeirs h/f skoðuðu síðan bátinn. Á sameiginlegum fundi forráðamanna Ásgeirs h/f og Steinavara h/f náðist, að því er staðhæft er af hálfu stefnanda, samkomulag um, að Steinavör h/f seldi Ásgeiri h/f bátinn á kr. 6.000.000.00. Um þetta leyti hafði Sverrir Hermannsson símasamband við Ólaf Ágústsson. Áttu þeir fleiri símtöl og hittust til að ræða um kaupin. Sverrir Hermannsson kveðst hafa sýnt Ólafi umboð sitt frá „Þresti h/f“. Ólafur kvaðst, er hann kom fyrir dóminn, ekki muna, hvort fram kom í þessum umræðum, að Sverrir teldi „Þröst h/f“ eiganda bátsins, en hann kvað Sverri hafa sagt sér, að hann hefði alveg með sölu á bátnum að gera. Hann kvað snemma hafa komið fram í viðræðum við Margeir Sigurjónsson, að báturinn hefði verið seldur, en að kaupin hefðu gengið til baka.

Viðgerð á bátnum dróst nokkuð á langinn og varð miklu dýrari en aðiljar höfðu gert ráð fyrir, m. a. vegna þess að í ljós kom, þegar farið var að rífa bátinn, að báturinn þurfti meiri viðgerðar við en ætlað hafði verið.

Eftir að í ljós kom, að bæjarsjóður Seyðisfjarðar mundi ekki ganga í ábyrgð vegna bátakaupanna, skýrðu fyrirsvarsmenn Steinavara h/f Sverri Hermannssyni frá því, að félagið vildi rifta samningnum við „Þröst h/f“. Sverrir kvaðst ekki hafa umboð til að taka við riftun. Í þessu sambandi skýrðu fyrirsvarsmenn stefnanda Sverri frá því, að viðgerð hefði farið fram úr áætlun og að félagið vildi, að kaupverð til „Þrastar h/f“ hækkaði af þeim sökum.

Kaupsamningurinn milli „Þrastar h/f“ og Ásgeirs h/f var undirritaður á skrifstofu Sverris Hermannssonar í Reykjavík.

Samningurinn er svohljóðandi:

# „KAUPSAMNINGUR

með staðfestu tilboði kaupanda og samþykki seljanda.

## A. Tilboð kaupanda:

Við undirritaðir fyrir hönd hlutafélagsins Ásgeirs, Garði, Gerðahreppi, lofum hér með og skuldbindum okkur til að kaupa vél-skipið Bjarna Jóhannesson, AK-130, ásamt öllu, sem skipinu fylg-ir og fylgja ber. Skipið er 65 brl. tréskip, smíðað í Esbjerg 1947. Skipið er nýendurbyggt hjá skipasmíðastöðinni Bátalón í Hafn-arfirði, og hafa kaupendur kynnt sér rækilega núverandi ástand bátsins og sætta sig við það í einu og öllu. Báturinn er með 400 ha. Rolls Royce vél og búinn siglingatækjum og stenztt í öllu kröfur Skipaskoðunar ríkisins um búnað, enda verður skipinu skilað með haffærisskrteini. Matar- og eldunaráhöld fylgja.

Tilboðsmóttakendur og seljendur skipsins, ef þeir samþykkja þetta tilboð okkar, er Þróstur h/f, Seyðisfirði.

Fyrir skipið og búnað þess lofum við og skuldbindum okkur til að greiða samtals kr. 6.000.000.00 —sex milljónir króna 00/100— og greiðum við kaupverðið á eftirfarandi hátt:

## A. Í peningum greiðum við:

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |     |              |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----|--------------|
| Við undirskrift samnings þessa                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | kr. | 300.000.00   |
| 1. desember n. k.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | —   | 200.000.00   |
| Með væntanlegu láni úr Fiskveiðasjóði Ís-lands                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | —   | 2.350.000.00 |
| 2. Við tökum að okkur áhvílandi skuldir:                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |     |              |
| Atvinnujöfnunarsjóður                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | —   | 150.000.00   |
| 3. Eftirstöðvar kaupverðsins kr. 3.000.000.00 greiðum við með jöfnum afborgunum á 10 —tíu— næstu árum í gjalddaga 1. júní og 1. september ár hvert. Hinn 1. júní ár hvert greiðist afborgun kr. 200.000.00 og vextir í hlutfalli við það, en afgangur afborgunar og vaxta hinn 1. september. Fyrsta greiðsla afborgunar og vaxta fer fram 1. júní 1969. |     |              |

Til tryggingar skilvísri greiðslu höfuðstóls og vaxta svo og öllum þeim kostnaði, sem leiða kann af vanskilum okkar og okkur ber að greiða að skaðlausu, lofum við að gefa

út skuldabréf fyrir fjárhæðinni, sem tryggt verði með veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir láni Fiskveiðasjóðs Íslands kr. 2.350.000.00 og láni Atvinnuþöfnunarsjóðs kr. 150.000.00 í vélskipinu Bjarna Jóhannessyni, AK-130. Auk þess verði skuld þessi tryggð með 1. veðrétti í húsinu Nýjalandi, Garði, Gerðahreppi, sem er eign Hjálmars Magnússonar. Ennfremur ganga undirritaðir aðilar, Hjálmur Magnússon, Nýjalandi, Garði, Ásgeir Hjálmarsson, Birkitúni, Garði, og Ólafur Ágústsson, Tjarnarstíg 11, Seltjarnarnesi, í sjálfskuldarábyrgð fyrir greiðslu eftirstöðvanna kr. 3.000.000.00.

Af skuld þessari lofum við að greiða 7% —sjö af hundraði— í ársvexti frá og með 15. nóvember 1968.

kr. 3.000.000.00

---

Samtals kr. 6.000.000.00

Skipið skal vera laust til fullra afnota fyrir okkur hinn 15. nóvember n. k. og fyrr, ef fært er.

Við greiðum skatta og skyldur af skipinu frá og með 15. nóvember 1968, en seljendur til sama tíma, svo og hirða seljendur arð til sama tíma, en við frá sama tíma. Skal miða uppgjör skatta, skyldna, áfallinna vaxta og annarra gjalda af skipinu við 15. nóvember 1968.

Við skuldbindum okkur til að greiða þann kostnað, sem leiðir af stimplun og þinglestri skjala vegna eignaskiptanna (afsal, skuldabréf þ. á m. skuldabréf Fiskveiðasjóðs).

Verði þetta tilboð okkar samþykkt óbreytt af tilboðsmóttakendum, lýsum við því jafnframt yfir, að við undirskrift þeirra undir eftirfarandi samþykki í B-lið samnings þessa erum við skuldbundnir sem kaupendur skipsins á framangreindum grundvelli, og er þar með gjörður bindandi kaupsamningur milli okkar sem kaupenda og tilboðsmóttakenda sem seljanda.

Mál sem rísa kunna út af tilboði þessu (A-lið), samþykki (B-lið) eða kaupsamningi í heild (A- og B-lið) má reka fyrir auka-dómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu í Hafnarfirði án milligöngu sáttamanna. Afsal skal gefið, er kaupendur hafa fullnægt ákvæðum liðs 1 hér að framan.

Til staðfestu öllu framanskráðu undirritum við í votta viðurvist.

Reykjavík, 7. nóvember 1968.

F. h. Ásgeirs h/f

Ólafur Ágústsson

Ásgeir Hjálmarsson

Hjálmar Magnússon

Vitundarvottar:

H. Ágústsson

M. Sigurjónsson

*B. Samþykki seljenda.*

Við undirritaðir fyrir hönd Þrastar h/f, Seyðisfirði, höfum kynnt okkur rækilega framangreint kauptilboð Ásgeirs h/f, Garði, Gerðahreppi, á vélskipinu Bjarna Jóhannessyni, AK-130, lýsum því hér með yfir, að við erum tilboðinu samþykkir í öllum greinum þess, bæði að því er varðar lýsingu á skipinu og búnaði þess, greiðslufyrirkomulagi og öðru því, er máli skiptir um eignasöluuna, og undirritum við samþykki okkar fyrir hönd Þrastar h/f til staðfestu öllu framangreindu í viðurvist votta og ítrekum það, sem segir í A-lið hér að framan, að með þessari undirskrift okkar sé gjörður bindandi kaupsamningur millum okkar sem seljenda og tilboðsgjafa sem kaupenda áðurgreinds skips. Veðbókarvottorð liggur frammi við undirskiftina, og svörum við til vanheimildar, enda selst skipið veðbanda- og kvaðalaust, þegar undan er skilið það, sem í tilboðinu í A-lið greinir. Lýsum við yfir því, að þegar kaupendur hafa fullnægt ákvæðum tilboðsins í A-lið samningsins, þá eiga þeir rétt á að fá til sín afsal fyrir skipinu.

Til staðfestu öllu framanskráðu undirritum við í votta viðurvist.

Reykjavík, 7. nóvember 1968.

F. h. Þrastar h/f

Sverrir Hermannsson

e. u.

Vitundarvottar:

H. Ágústsson

M. Sigurjónsson“

Sverrir Hermannsson kom fram fyrir hönd „Þrastar h/f“ við undirskrift samningsins. Af hálfu Ásgeirs h/f sátu fundinn Ólafur

Ágústsson, Ásgeir Hjálmarsson og Hjálmar Magnússon. Fyrir Steinavör h/f mættu Haraldur Ágústsson og Margeir Sigurjónsson og með þeim Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, sem er málflutningsumboðsmaður stefnanda í þessu máli.

Ingi Ingimundarson hefur komið fyrir dóminn og lýst því, sem gerðist á fundinum. Af hálfu stefndu hefur ekki verið vefengt, að vitnið skýri rétt frá atvikum.

Samkvæmt framburði vitnisins gerði hann í upphafi athugasemd vegna þess, að í uppkasti að kaupsamningi, sem Sverrir hafði útbúið, var „Pröstur h/f“ talinn seljandi. Hann kveður Sverri hafa bent sér á, að fyrir lægi órífður kaupsamningur milli „Prastar h/f“ og Steinavara h/f og að því leiddi, að ekki væri um annað að ræða en að seljandinn væri „Pröstur h/f“. Hann kveðst hafa rætt þetta mál við fulltrúa Steinavara h/f og bent þeim á, að hætta væri á, að „Pröstur h/f“ krefðist söluverðsmismunarins, kr. 500.000.00. Hann kveður þá Steinavaramenn hafa sagt, að þeir teldu tvímælalaust, að söluverðsmismunurinn ætti að renna til félags þeirra. Hann kveðst hafa rætt þetta atriði við Sverri Hermannsson og látið í ljósi þá skoðun, að langeðlilegast væri, að fyrri kaupsamningnum væri formlega riftað og hann niðurfelldur, enda hefði sér skilizt, að hann væri í raun niður fallinn. Vitnið kvað Sverri hafa lýst því yfir, að umboð sitt næði aðeins til sölu á bátnum, en ekki til að rifta samningnum. Hann kvað Sverri hafa fullvissað umboðsmenn Steinavara h/f um, að ekki kæmi til mála, að „Pröstur h/f“ eða Karl Jónsson mundu gera kröfu til söluverðsmismunarins. Vitnið kveðst hafa farið fram á, að Sverrir gæfi skriflega yfirlýsingu þessa efnis. Hann kveður Sverri hafa færzt undan því. Hann kveður Sverri hins vegar hafa sagzt mundu beita sér fyrir, að ekki kæmi til slíkra krafna af hálfu „Prastar h/f“. Sérstaklega kveður hann Sverri hafa bent á, að Steinavör h/f mundi eiga kröfu á „Pröst h/f“, sem mundi samsvara söluverðsmismuninum að minnsta kosti. Hann kveður endinn hafa orðið þann, að samningar voru undirritaðir á fundinum.

Sverrir Hermannsson segir aldrei hafa verið af hálfu „Prastar h/f“ gefið loforð um, að félagið bæri kostnað af viðgerð bátsins umfram tilboð. Hann kveðst sjálfur hafa lofað að beita sér fyrir, að Steinavör h/f fengi uppi borið þann kostnað við uppbyggingu bátsins, sem sýnt yrði fram á, að félagið hefði borið umfram það, sem samningar tilgreindu.

Fulltrúar Ásgeirs h/f afhentu Sverri Hermannssyni á fundinum kr. 300.000.00 í peningum og 200.000.00 króna víxil.

Ásgeir h/f gaf síðan út skuldabréf í samræmi við kaupsamninginn, og voru þau afhent Steinavör h/f án milligöngu Sverris Hermannssonar. Afsl til Ásgeirs h/f var einnig gefið út án milligöngu hans.

Daginn eftir fundinn óskaði Margeir Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Steinavarar h/f, eftir því við Sverri Hermannsson, að hann afhenti sér víxilinn frá Ásgeiri h/f. Gerði Sverrir það, en Margeir lét hann hafa annan víxil með sömu fjárhæð í staðinn, útgefinn af honum sjálfum og samþykktan af Steinavör h/f með gjalddaga 30. desember 1968.

Sverrir heldur því fram, að Margeir hafi tjáð sér, að það mundi greiða mjög fyrir Steinavör h/f í viðskiptabanka þess, ef Sverrir vildi skipta við hann á víxlum. Sverrir kveðst hafa fallizt á skiptin, þar sem Steinavör var þá að gera upp kostnað vegna umbyggingar bátsins.

Margeir hefur skýrt frá þessum skiptum þannig, að Steinavör h/f hafi legið á að selja víxilinn til að geta greitt fyrir viðgerð á bátnum. Hann kveður Sverri ekki hafa fengið til að afhenda víxilinn, nema gegn því að annar víxill kæmi í staðinn.

Margeir heldur því fram, að Sverrir hafi lofað að láta ekki víxilinn af hendi, en fyrir það synjar Sverrir.

Sverrir gaf út ávísun að fjárhæð kr. 92.499.00 og afhenti Margeiri. Með þessu taldi Sverrir sig hafa greitt eftirstöðvar útborgunar samkvæmt 1. lið kaupsamningsins milli Steinavarar h/f og „Þrastar h/f.“

Samkvæmt ósk Karls Jónssonar afhenti Sverrir Hermannsson Sigurði Jónssyni, bróður Karls, víxilinn. Krafði hann stefnanda greiðslu, er víxillinn var fallinn í gjalddaga. Margeir Sigurjónsson skýrði frá því, að víxillinn ætti ekki rétt á sér, ritaði á hann „Tryggingarv.“ og ráðlagði Sigurði að skila víxlinum til Sverris. Þann 27. janúar 1969 greiddi stefnandi víxilinn ásamt innheimtulaunum lögmanns, kr. 10.000.00, og kr. 2.000.00 í dráttarvexti.

Sverrir Hermannsson kveðst hafa fengið kr. 120.000.00 í sölu-laun fyrir sölu til Ásgeirs h/f.

Ekki liggur fyrir í málinu, hvernig ráðstafað var þeim kr. 87.501.00, sem eftir stóðu af peningagreiðslu Ásgeirs h/f, en á því verður að byggja, að þetta fé hafi runnið til Karls Jónssonar og félaga hans.

Steinavör h/f sendi Sverri Hermannssyni reikning frá Bátalóni h/f að fjárhæð kr. 538.610.00 fyrir smíði stýrishúss, hekkboga o. fl. Sverrir sýndi forráðamönnum „Þrastar h/f“ reikninginn, en

þeir höfðu honum. Steinavör h/f tók þá aftur reikninginn og lagði fyrir Bátalón h/f að endurskoða rekningsgerðina.

Með réttarstefnu, útgefinni 7. maí 1969, höfðaði Karl Jónsson fyrir hönd „Þrastar h/f“ mál á hendur Ásgeiri h/f og Steinavör h/f, þar sem krafizt var söluverðmismunar, sem stefnandinn taldi, að Steinavör h/f hefði fengið út úr skiptum sínum við Ásgeir h/f. Máli þessu var einnig beint gegn Ásgeiri h/f. Undir rekstri málsins kom fram greinargerð frá Bátalóni h/f um það, að viðgerð umfram tilboð hefði kostað kr. 798.386.00. Var málinu vísað frá dómi 24. október 1969 á þeim grundvelli, að félagið „Þröstur“ hefði ekki verið löglega stofnað hlutafélag.

Þann 25. nóvember 1969 höfðaði Karl Jónsson nýtt mál á hendur Steinavör h/f, eftir að hann hafði fengið framseldar kröfur félagsins með yfirlýsingu allra félagsmanna.

Meginmálsástæða Karls var sú, að Steinavör h/f hefði tileinkað sér á ólögsmætan hátt hluta af kaupverði m/b Bjarna Jóhannessonar, sem hefði átt að renna til félaga hans.

Meginástæða stefnda var sú, að „Þröstur h/f“ hefði aldrei verið löglega stofnað hlutafélag og hefði því aldrei orðið til og gæti ekki átt réttindi. Þessi ályktun var studd við 10. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög.

Kveðinn var upp dómur í málinu 31. marz 1971.

Dómurinn féllst á sýknukröfu stefndu og meginmálsástæðu þeirra.

Í dóminu segir svo m. a. í niðurstöðu:

„Selji maður félagi eign, eftir að stofnsamningur um hlutafélag hefur verið gerður, en aldrei verður af, að félagið verði skráð, og hafi samningurinn að einhverju eða öllu leyti verið efndur, verður ljóst af framansögðu, að eigendaskipti hafa ekki orðið. Þeir, sem að hinum ógilda samningi stóðu fyrir hönd félagsins, verða ábyrgir gagnvart seljandanum samkvæmt grundvallarreglu 25. gr. laga nr. 7 frá 1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Þegar þannig hagar til, getur seljandinn valið um, hvort hann heldur kaupverðinu eða tekur hið selda aftur, en ekki getur hann haldið hvoru tveggja. Í ljósi þessa verður að virða skipti málsaðilanna.

Á því verður að byggja, að forráðamenn Steinavarar h/f hafi ekki komizt að því, að félagið „Þröstur“ var ekki löglega skrásett, fyrr en eftir að „Þröstur h/f“ hafði höfðað mál á hendur Steinavör h/f. Af málflutningi Steinavarar h/f verður ráðið, svo ekki verður um villzt, hver afstaða félagsins er í þessu efni, þar sem

á því er byggt, að félagið hafi sjálft selt skipið og gert upp við stefnanda eins og kaupin gengju til baka.“

Auk þeirrar meginmálsástæðu stefndu, sem dómurinn var byggður á, héldu stefndu því fram í málinu, að þó að talið yrði, að samningur Steinavara h/f og „Þrastar h/f“ væri gildur, væri hann niður fallinn vegna vanefnda, svika og brostinna forsendna. Því var haldið fram, að stefnandi hefði gefið rangar upplýsingar við samningsgerð á þá leið, að ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar væri fyrir hendi, að hann hefði leynt því, er bæjarstjórnin hafnaði beiðni hans um bæjarábyrgð. Því var og haldið fram, að það hafi verið forsenda fyrir því, að Steinavör h/f gerði kaupsamning við „Þröst h/f“, að félagið væri löglega stofnað, að bæjarábyrgð fengist og að kaupverðið hækkaði, ef viðgerðarkostnaður færi fram úr því, sem gert var ráð fyrir. Allar þessar forsendur töldu stefndu, að hefðu reynzt rangar.

Enn var á því byggt, að talið yrði, að samningur hefði komið á milli Steinavara h/f og „Þrastar h/f“, hafi hann fallið niður með þeim hætti, að Steinavör h/f hafi riftað honum í verki. Þá var því haldið fram, að kaupsamningurinn hefði ekki stofnað eignarétt til handa félagi stefnanda yfir skipinu og að eignarrétturinn hefði fyrst flutzt af hendi Steinavara h/f, er það félag gaf út afsal, og þá milliliðalaust til Ásgeirs h/f.

Að endingu var á því byggt til vara, að stefnandi ætti enga kröfu til söluhagnaðar, þar sem enginn ágóði hefði orðið.

Töldu stefndu, að krafa Steinavara h/f vegna viðgerða umfram tilboð hlyti að koma til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda.

Sverrir Hermannsson hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að honum hafi ekki verið kunnugt um, að „Þröstur h/f“ var ekki löglega stofnað hlutafélag, fyrr en eftir að til málaferla var komið. Hann kvað Karl Jónsson hafa sýnt sér fundargerð stofnfundar „Þrastar h/f“ og lýst því yfir, að félagið væri löglega stofnað og skráð. Hann kveðst hafa skýrt þrem stjórnarmönnum Steinavara h/f frá því á fundi með þeim 3. janúar 1969, að sér væri ekki lengur stætt á að afhenda ekki réttum eiganda víxilinn. Hann kvað sér hafa verið ókunnugt um samskipti Ásgeirs h/f og Steinavara h/f fyrir þann tíma, er hann hóf viðræður um kaupin við fyrirvarsmenn Ásgeirs h/f.

Samkvæmt skýrslu Sverris var honum kunnugt um, að „fljótlega komu vomur á framámenn Seyðisfjarðarkaupstaðar að standa við fyrri yfirlýsingar sínar um bæjarábyrgð.“



Stefnandi hefur gert tölulega grein fyrir kröfum sínum, eins og hér segir:

„1968

|      |     |                                                                                                                                                 |            |            |
|------|-----|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|------------|
| apr. | 19. | Inn: Innborgun v/Sverrir Hermannsson                                                                                                            | 100.000.00 |            |
| maí  | 3.  | — do. — sama —                                                                                                                                  | 100.000.00 |            |
| ág.  | 30. | — do. v/Útvegsb. Ísl. Seyðisf.                                                                                                                  | 59.656.00  |            |
| nóv. | 2.  | — Lán v/Atvinnuöfnunarsjóðs                                                                                                                     | 147.845.00 |            |
| —    | 12. | — Víxill pr. 30/12 1968. Samþ. Ásgeir h.f. Garði                                                                                                | 200.000.00 |            |
| —    | 8.  | — Innborgun v/Sverrir Hermannsson                                                                                                               | 92.499.00  |            |
| —    | 8.  | Út: Ásgeir h.f., Garði, greiðir Sverri Hermannssyni, R. (kr. 300.000.00 kontant og kr. 200.000.00 víxill pr. 30/12 1968) millifærsla 500.000.00 |            |            |
| des. | 31. | — Atvinnuöfnunarsjóðslán millifært kredit Ásgeir h.f., Garði                                                                                    | 147.845.00 |            |
| —    | 31. | — Mismunur                                                                                                                                      | 52.155.00  |            |
|      |     |                                                                                                                                                 | <hr/>      |            |
|      |     |                                                                                                                                                 | 700.000.00 | 700.000.00 |

1969

|      |     |                                                             |            |  |
|------|-----|-------------------------------------------------------------|------------|--|
| jan. | 1.  | Inn: Inneign frá fyrra ári                                  | 52.155.00  |  |
| —    | 27. | Út: Greiddur víxill og kostn. til Árna Guðjónssonar, lögfr. | 212.000.00 |  |

---

Skuld kr. 159.845.00“

Málsástæður.

Stefnandi byggir á því, að honum beri mismunur á söluverði bátsins. Hluta þess fjár telur hann stefndu hafa komið yfir, telur hann, að þeim beri að standa honum skil á því. Í þessu efni telur stefnandi, að aðstaða stefndu sé hin sama og þess, sem kemur fram sem umboðsmaður annars manns, að þeir ábyrgist samkvæmt 25. gr. laga um samningsgerð umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936, að þeir hafi nægilegt umboð.

Að því er varðar víxilinn, er sérstaklega á því byggt, að stefndu hafi bakað sér ábyrgð með því að ráðstafa honum á ólögmatan hátt.

Af hálfu hinna stefndu er byggt á því, að þeir, aðrir en Sverrir Hermannsson, hafi átt rétt á söluverðmismun, enda hafi kaup-

um ekki verið riftað og ósannað, að stefnanda hafi verið lofað mismuninum.

Einnig er á því byggt, að stefnandi hafi tekið við fullnaðarupp-gjöri án fyrirvara um, að þeir ættu meira inni. Þannig halda stefndu því fram, að hafi stefnandi einhvern rétt átt, hafi sá réttur glatazt fyrir vangeymslu.

Að því er varðar innheimtulaun, er á því byggt sérstaklega, að stefnanda hafi borið að greiða víxilinn á gjalddaga og að hann verði að bera hallann af því, að hann hefur brugðizt þeirri skyldu.

Loks er því haldið fram, að kröfu stefnanda í þessu máli hefði átt að gera sem gagnkröfu í máli Karls Jónssonar gegn Ásgeiri h/f og Steinavör h/f.

Álit dómsins.

Ekki verður fallizt á það með stefnanda, að 25. gr. samningalag-anna eigi við atvik í þessu máli. Ákvæðið lýtur að ábyrgð umboðs-manns, þegar hann kemur fram án þess að hafa nægilegt umboð. Hins vegar er ekki í ákvæðinu fjallað um ábyrgð umboðsmanns-ins, þegar umbjóðandinn er ekki til.

Eigi að síður kemur til álita að beita lögjöfnun. Í ákvæðinu virðist felast sú regla, að umboðsmanninum beri að greiða efnda-bætur, ef viðsemjandi verður fyrir tjóni vegna umboðsskortsins. Kröfugerð stefnanda er ekki þannig upp byggð, að hann krefji stefndu bóta fyrir tjón af því, að samningurinn var ekki efndur, enda tæpast um slíkt tjón að ræða, heldur byggist krafa þeirra á því, að stefndi Sverrir hafi ranglega ráðstafað fé, sem hann tók við fyrir hönd Steinavara h/f, og að aðrir þeir, sem stefnt er, eða Karl Jónsson fyrir þeirra hönd hafi ranglega tileinkað sér þetta fé.

Verður málið dæmt á þeim málsástæðum, sem fram hafa komið af hálfu stefnanda í samræmi við 113. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Samkvæmt stöðu sinni var Sverrir Hermannsson umboðsmað-ur Steinavara h/f sem seljanda og Ásgeirs h/f sem kaupanda við bátakaupin. Því fé, sem hann tók við af kaupanda til greiðslu kaupverðs, bar honum að skila til seljanda.

Á því verður að byggja, að Sverri hafi verið ókunnugt um, að „Pröstur h/f“ var ekki löglega stofnað hlutafélag. Kaupsamning-ur hafði verið gerður milli „Prastar h/f“ og Ásgeirs h/f með vitund og samþykki Steinavara h/f.

Hins vegar var Sverri kunnugt um, að „Pröstur h/f“ hafði ekki fengið afsal fyrir bátnum eða uppfyllt að öllu leyti skilyrði til að

fá afsal, þannig að félagið gat ekki verið óskoraður eigandi bátsins. Honum var kunnugt um, að bæjarábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar var ekki fyrir hendi og að Steinavör h/f taldi, að félaginu bæri það fé, sem kæmi fyrir bátinn frá Ásgeiri h/f, en að „Pröstur h/f“ ætti að fá endurgreitt það fé, sem greitt hafði verið upp í kaupverð til Seinavarar h/f.

Með hliðsjón af þessu og því, sem fram kom í umræðu á fundinum, þegar kaupsamningur til Ásgeirs h/f var undirritaður, verður að telja, að rétt hefði verið af Sverri að koma fénu í geymslu á sérstökum reikningi í Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands, sbr. 5. gr. laga 11/1961 og 5. gr. laga 12/1961, þar sem féð hefði legið á vöxtum, þar til úr ágreiningi aðiljanna var leyst.

Að því er sérstaklega varðaði víxillinn frá Ásgeiri h/f, þar Sverri að taka við greiðslu samkvæmt honum og fara með það fé á sama hátt.

Með því að afhenda öðrum hvorum, Karli Jónssyni og félögum hans eða Steinavör h/f, tók Sverrir á sig áhættuna af því, að viðtakandinn reyndist ekki eiga rétt á þeim verðmætum. Afhending víxilsins frá Ásgeiri h/f til Steinavarar h/f reyndist ekki þannig koma að sök. Úr því að víxillinn var afhentur, verður að telja, að rétt hafi verið að krefja Steinavör h/f um annan víxil til tryggingar. Hins vegar reyndist það rangt að ráðstafa víxlinum til Karls Jónssonar og félaga hans eða skuldheimtumanns þeirra.

Samkvæmt framansögðu ber stefndi ábyrgð á skilum til Steinavarar h/f á þeim fjármunum, sem hann tók við af Ásgeiri h/f. Eftir atvikum þykir hins vegar ekki rétt, að Sverrir standi Steinavör h/f skil á kostnaði og dráttarvöxtum vegna víxilinnheimtu á hendur Steinavör h/f, enda hefði Sverri verið rétt, eins og á stóð, að innheimta víxilfjárhæðina hjá Steinavör h/f með dráttarvöxtum og aðstoð lögmanns, ef því var að skipta. Ber Sverri þannig aðeins að greiða stefnanda kr. 147.845.00. Vextir þykja hæfilega ákveðnir miðað við vexti af geymslufé 7% ársvextir. Enn fremur ber honum að greiða málskostnað, eins og síðar greinir.

Á því verður að byggja, að fé það, sem Sverrir Hermannsson tók við frá Ásgeiri h/f, hafi runnið til þeirra, sem með honum er stefnt í málinu, annað en það, sem greitt var til Steinavarar h/f, og að Karl Jónsson hafi tekið við fénu í umboði félaga sinna. Í því sambandi skiptir ekki máli, að hluti fjárins rann til greiðslu á sölulaunum Sverris Hermannssonar, sem virðist hafa verið umsamið milli hinna stefndu.

Hinum stefndu, öðrum en Sverri Hermannssyni, var kunnugt

um þann annmarka, sem var á stofnun félagsins og sem leiddi til þess, að félagið gat ekki öðlazzt rétt yfir bátnum. Það var því réttarbrof gagnvart Steinavör h/f að taka við fénu og að ráðstafa víxlinum, til að hann yrði innheimtur hjá Steinavör h/f.

Ber stefndu því að greiða Steinavör h/f fé það, sem þeir hafa lagt undir sig, ásamt dráttarvöxtum og bætur vegna þess tjóns, sem stefnandi hefur orðið fyrir af þessum sökum, þar á meðal vegna víxlinnheimtunnar, sbr. til hliðsjónar 49. gr. víxillaganna nr. 93 frá 1933.

Ber hinum stefndu, öðrum en Sverri Hermannssyni, þannig að greiða stefnanda að óskiptu kr. 159.845.00.

Vextir þykja hæfilega ákveðnir 8% ársvextir frá 27. janúar 1969 til greiðsludags.

Telja verður, að stefnanda hafi verið rétt að höfða mál þetta sem sjálfstætt mál, enda eru aðiljar hér ekki hinir sömu og í málinu nr. 339/1969.

Stefnandi virðist ekki með viðtöku fjár úr hendi Sverris Hermannssonar 8. desember 1969 eða með öðrum hætti hafa geymt þannig réttar síns, að varða eigi missi réttinda.

Með þessum athugasemdum þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, fulltrúi sýslumanns, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Benedikt Sveinsson hæstaréttarlögmaður og Ágúst Flygenring framkvæmdastjóri.

#### Dómsorð:

Stefndu Karl Jónsson, Auðunn Hinriksson, Valur Júlíusson, Þorvaldur Jóhannsson og Jón Gunnþórsson greiði stefnanda, Steinavör h/f, að óskiptu kr. 159.845.00 með 8% ársvöxtum frá 27. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað.

Stefndi Sverrir Hermannsson greiði stefnanda, Steinavör h/f, að óskiptu með stefndu Karli, Jóni, Þorvaldi, Auðunni og Val kr. 147.845.00 með 7% ársvöxtum frá 27. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað.

Allar greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.